

Aðalfundur Faxaflóahafna sf. 2024

Ár 2024, föstudaginn 21. júní var haldinn aðalfundur Faxaflóahafna sf. fyrir starfsárið 2023 og var fundurinn haldinn í fundarsal Hafnarhússins við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Mættir f.h. eigenda voru:

Reykjavíkurborg:	Þorsteinn Gunnarsson
Akraneskaupstaður:	Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Hvalfjarðarsveit:	Linda B. Pálsdóttir
Borgarbyggð:	Stefán Broddi Guðjónsson

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún setti fram tillögu um að fundarstjóri verði Magnús Baldursson lögmaður og fundarritari verði Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármáladeildar Faxaflóahafna sem var samþykkt samhljóða. Að því loknu gaf hún fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að löglega hafi verið boðað til fundarins og upplýsti að mætt sé á fundinn af hálfu allra eignaraðila nema Skorradalshrepps og fyrir lögju umboð eigenda til viðkomandi einstaklinga. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og var gengið til dagskrár skv. grein 4.1. í sameignarfélagssamningi fyrir félagið.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar félagsins, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem stjórn og félagið tókst á við á liðnu ári.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur.

Gunnar Tryggvason hafnarstjóri, fór yfir reikninga félagsins vegna ársins 2023. Sif Jónsdóttir endurskoðandi frá Grant Thornton endurskoðun ehf. var viðstödd til að svara spurningum ef einhverjar væru. Gunnar sagði að afkoma hafi verið nokkuð í takt við áætlun. Á tímabilinu hafi verið aukning í komum skemmtiferðaskipa, en að vöruflutningar væru áfram stærsti tekjuliður félagsins. Rekstrarkostnaður hafi þó verið hærri en almennar verðlagsbreytingar hafi gert ráð fyrir. Hann gat þess einnig að sjóðsstaða félagsins væri góð. Kom fram í máli Gunnars að tillaga stjórnar um arð til eigenda byggði á tillögu stjórnar um arðgreiðslustefnu fyrir félagið þó svo samþykki eigenda á henni lægi ekki fyrir. Arðgreiðslustefnan tekur tillit til væntanlegra fjárfestinga félagsins, sem eru miklar á næstu árum, sem leiðir þá til minni arðgreiðslna en ella. Kom einnig fram í máli Gunnars að áhersla yrði á að fjárfesta í auknu öryggi hafnanna á næstu árum þar sem skipin væru sífellt að stækka með aukinni hættu á óhöppum eða slysum.

Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum eða spurningum um reikningana og skýrslu stjórnar samkvæmt 1. dagskrárlíð. Engar athugasemdir eða spurningar bárust. Fundarstjóri lagði reikninginn til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða af öllum eigendum á fundinum.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins setti fram svohljóðandi tillögu um greiðslu arðs til eigenda:

Arður til eigenda verði 84 milljónir króna. Tillagan byggir á sömu forsendum sem er að finna í tillögu stjórnar um arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Arður skiptist á eignaraðila eftir eignarhlutföllum.

Tillagan var samþykkt samhljóða af öllum eigendum á fundinum.

4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.

Tillaga stjórnar var um óbreytta stefnu.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, gæða- og umhverfisstjóri Faxaflóahafna fór yfir framkvæmd fyrirbyggjandi stefnu og árangur af innleiðingu hennar. Kom fram í máli Gyðu Mjallar að unnið væri eftir stöðlum og öll virk kerfi tekin út reglulega af þriðja aðila. M.a. hafi úttekt á jafnlaunavottun verið að ljúka og gengið vel.

Tillagan var samþykkt samhljóða af öllum eigendum á fundinum.

5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.

Fyrir lá óbreytt tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu, óafgreidd af eigendum.

Hafnarstjóri fór stuttlega yfir tillöguna og að arðgreiðslustefnunni sé ætlað að auka fyrirsjáanleika og sé mikilvæg fyrir samskipti við eigendur félagsins, lánveitendur og þá sem munu eiga í viðskiptum við félagið í framtíðinni.

Þorsteinn Gunnarsson bað um orðið. Upplýsti hann að tillagan hafi verið tekin fyrir hjá borgarráði og að niðurstaða hafi verið að vinna þyrfti frekar í útfærslu hennar. Hann lagði því fram tillögu um að málinu verði frestað áfram.

Fundarstjóri bar tillögu Reykjavíkurborgar um frestun undir atkvæði og var hún samþykkt af öllum eigendum á fundinum nema Hvalfjarðarsveit, eða með 90,47% atkvæða í félaginu.

6. Starfskjarastefna sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.

Tillaga stjórnar var um óbreytta stefnu.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, gæða- og umhverfisstjóri Faxaflóahafna, fór yfir framkvæmd gildandi starfskjarastefnu og árangur af innleiðingu hennar. Kom fram í máli hennar að markmið stefnunnar sé að stuðla að því að Faxaflóahafnir búi að góðum stjórnendum og mannauði og greiði samkeppnishæf laun án þess að vera leiðandi í launaþróun. Stefnunni sé ætlað að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og stjórnendur félagsins.

Þórdís Lóa, formaður stjórnar félagsins bað um orðið. Hún hrósaði starfskjaranefnd félagsins og Ólafi mannauðsstjóra fyrir vel unnin störf og tók m.a. fram að störf nefndarinnar séu mikill stuðningur við stjórnina.

Tillagan var samþykkt samhljóða af öllum eigendum á fundinum.

7. Ákvörðun um stjórnarlaun.

Gerð var tillaga um að stjórnarlaun samsvari flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg og að formaður fái tvöföld stjórnarlaun, líkt og gilt hefur undanfarin ár.

Tillagan var samþykkt samhljóða af öllum eigendum á fundinum.

Fundarstjóri upplýsti að ekki lægi fyrir tillaga um þóknun til nefndarmanna undirnefnda.

8. Lýsing á kjöri stjórnar.

Fundarstjóri kynnti þær tilkynningar eignaraðila um tilnefningu í stjórn félagsins:

Frá Reykjavíkurborg sitja því í stjórn:

Aðalmenn: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Mátsson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Varamenn: Pawel Bartoszek
Friðjón Örn Friðjónsson
Íris Baldursdóttir
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Guðmundur Ingþór Guðjónsson
Varamaður: Ragnar B. Sæmundsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Helga Harðardóttir
Varamaður: Andrea Ýr Arnarsdóttir

Sameiginlegur óháður fulltrúi Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar:

Aðalmaður: Páll Brynjarsson
Varamaður: Guðjón H. Guðmundsson

Fundarstjóri gerði athugasemd við að upplýst væri um tilnefningar Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar munnlega. Óskaði fundarstjóri eftir að umræddir eigendur léti félaginu í té skriflegar staðfestingar á tilnefningunum í kjölfar fundarins.

Fundarstjóri lýsti framangreinda rétt kjörna í stjórn félagsins, með fyrirvara um áður nefndar skriflegar staðfestingar.

9. Kosning löggilts endurskoðanda.

Lagt var til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins og var tillagan samþykkt samhljóða.

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Fundarstjóri kynnti að tvö mál lægju fyrir fundinum.

a) Ný innkaupastefna.

Að hálfu stjórnar var lögð fram ný innkaupastefna fyrir félagið. Samkvæmt grein 5.5. í sameignarfélagssamningi skal stjórn leggja hana fyrir eigendafund til staðfestingar.

Gyða Mjöll Ingólfsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri Faxaflóahafna, kynnir hvað fellst í stefnunni og hvaða breytingar hún hefur að geyma frá fyrri stefnu. Markmið stefnunnar væri að tryggja hagkvæm og ábyrg innkaup sem sé sinnt af heilindum og til samræmis við lög og reglur í hvívetna. Gerðar væru kröfur til þeirra aðila er vinna fyrir Faxaflóahafnir að undirgangast svokallaðar *kröfur um heilindi og gæði í viðskiptum* sem er öllum aðgengilegar á heimasíðu Faxaflóahafna.

Fundarstjóri leitaði staðfestingar á innkaupastefnunni og var hún samþykkt af öllum eigendum á fundinum.

b) Nýr sameignafélagssamningur um Faxaflóahafnir.

Með fundarboði fylgdi tillaga Reykjavíkurborgar um nýjan sameignarfélagssamning um Faxaflóahafnir. Vegna framkominna athugasemda annarra eigenda upplýsti Reykjavíkurborg aðra eigendur fyrir fundinn að afgreiðslu málsins yrði væntanlega frestað. Þá liggja jafnframt fyrir tillaga frá Hvalfjarðarsveit um að afgreiðsla á tillögu Reykjavíkurborgar verði frestað. Burt séð frá framangreindu óskaði Reykjavíkurborg eftir að fá að kynna tillöguna á fundinum.

Fundarstjóri lagði til, með hliðsjón að ofangreindu, að tillaga um að fresta afgreiðslu málsins yrði afgreidd áður en kæmi að kynningu á henni. Tillaga fundarstjóra var samþykkt og voru greidd atkvæði um að fresta afgreiðslu málsins. Frestunin var samþykkt af öllum eigendum á fundinum.

Helga Hlín Hákonardóttir, lögmaður og ráðgjafi Reykjavíkurborgar, fór yfir aðdraganda þeirra vinnu er liggur að baki tillögu um nýjan sameignarfélagssamning fyrir félagið. Kom m.a. fram í máli hennar að markmiðið sé að skerpa umboð stjórnar til að taka ákvarðanir og um leið skilgreina meðferð eigendavalds. Tillaga að nýjum stofnsamþykktum sé sett fram til skýringar á skipulagi og stjórnarháttum og sé öllum eigendum til hagsbóta.

Þorsteinn Gunnarsson bað um orðið og tók fram að með haustinu muni Reykjavíkurborg sækja aðra eigendur heim og kynna betur hvað nýr samningur fæli í sér.


c) Önnur mál

Þorsteinn Gunnarsson kom á framfæri kveðju frá borgarstjóra ásamt því að kom til skila að Faxaflóahafnir væru að mati borgaryfirvalda til fyrirmyndar hvað varðar fagleg vinnubrögð og góða stjórnarhætti. Hann þakkaði bæði stjórn og stjórnendum fyrir góðan árangur og vel unnin störf.

Engin önnur mál voru borin upp og óskaði fundarstjóri þá eftir heimild til þess að fundarstjóri og fundarritari gangi frá fundargerð og sendi eigendum rafrænt, sem var samþykkt samhljóða af öllum eigendum á fundinum.

Að því búnu sleit fundarstjóri fundi kl. 16:15.


Magnús Baldursson, fundarstjóri


Ragnheiður Ragnarsdóttir, fundarritari